

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Þorsteinn Helgason

Er þjóðarsagan karlkyns?

Þjóðarsagan sem birtist í sögukennslubókum var lengst af útilokandi gagnvart erlendum áhrifum og gagnvart konum. Þetta stafaði ekki síst af þröngum efnis-sviðum sem tekin voru til umfjöllunar, einkum stjórnámum í formlegum skilningi. Eftir 1970 hefur gagnrýni færst í aukana á hina karllægu áherslu í opinberri sögu-skoðun sem birtist í kennslubókum fyrir almannaskóla. Í ágúst 2011 birti Jafnréttis-stofa harðorða skýrslu um kynjahlutfallið í völdum námsgögnum af þessu tagi á Íslandi og varð af henni allmikil umræða meðal skólafólks og sagnfræðinga. Í grein-inni er fjallað um þessa gagnrýni, hér og erlendis, vanda þessarar söguritunar og ástæður þess að hægt gengur.

Höfundur er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

The gendered character of national history

National history in textbooks used to be hostile to foreign influence and gender biased. This was partly due to the narrow scope of study, mainly formal politics. Since the 1970's the official history of public textbooks has been criticised for its male gendered bias. In August 2011 the Akureyri based Center for Gender Equality published a report which was harshly critical of a sample of history textbooks presently in use. The report initiated lively discussions among educationalists and historians. The article scrutinizes the criticism, domestic and foreign, the problem of a balanced history writing and the reasons for a slow pace of change.

The author is associate professor at the School of Education, University of Iceland.

Inngangur

Sagan sem kennslugrein í almenningsskólum varð til sem þjóðarsaga, sem sköpunar- og lífssaga þjóðríkja. Þar var sagt frá (goð)sögulegu upphafi þjóðar og þjóðríkis, þrengingum þjóðar, fórnnum og loks sigrum og framtíðarsýn. Gerendur og hetjur þessarar sögu voru nær undantekningarlaust karlmenn. Konur gátu birst til stuðnings sem hálfgoðsögulegar vættir á borð við Jóhönnu af Örk en í stafni stóðu jafnan Ingólfur Arnarson, George Washington og Simon Bolivar.

Er þetta óhjákvæmilegt? Hlýtur þjóðarsagan ávallt að vera karllæg og einsleit?¹ Margir fræðimenn eru á þeirri skoðun að þetta verði ekki umflúið. Til vitnis um það eru nokkrir bandarískir rannsakendur sem ekki var skemmt yfir tilraunum til að auka hlut kvenna,

¹ Ég þakka Guðmundi Hálfðanarsyni sagnfræðingi fyrir góðan félagsskap í fyrirlestri sem við fluttum á *Menntakviku 2011* undir heitinu *Átök um söguna í námsgögnunum*. Þessi grein er útvíkkun á mínum hluta fyrirlestrarins.

blökkumanna og annarra „minnihlutahópa“ [svo] í skólabókum. Þeir velktust ekki í vafa um eiginleika þjóðarsögunnar í skólakennslu:

Úr því að bandarísk saga fjallar um atburði og fólk sem áttu þátt í að móta þjóðina verður hún fyrst og fremst skrifuð um karlmenn. Það er léleg saga að mála fortíð Bandaríkjamanna upp á þann hátt sem femínistum finnst að hún hefði átt að vera fremur en á þann veg sem hún var í raun og veru.

As long as American history is about the events and persons who helped shape the nation, it will be written predominantly about men. It is poor history to portray America's past in terms of what feminists think it should have been rather than what it actually was. (Lerner, Nagai og Rothman, 1995).

Mörgum kann að finnast þessir rannsakendur kokhraustir að segjast vita hvernig sagan var „í raun og veru“. Sömuleiðis felur þessi yfirlýsing í sér þröngan skilning á því hvað fólgið er í því að móta þjóð. Meginafstaðan um að yfirdrottun karlmanna í ritun þjóðarsögunnar sé óhjákvæmileg er hins vegar almenn og algeng. Um það vitnar íslenskur kennslubókarhöfundur 16 árum síðar:

Ég kemst auðvitað ekki hjá því að nefna áberandi gerendur sögunnar á nafn og þar er einkum um karla að ræða en þeir höfðu langtum betri tækifæri til að gera sig gildandi í karlasamfélagi fyrri alda en konur. (Leifur Reynisson, 2011.)

Birtingarmyndir og ástæður

Það virðist sama hvar drepíð er niður í sögukennslubókum, hvar sem er í löndum og á tímasteiðum, alls staðar eiga karlmenn sviðið. Hvernig birtist þessi karllæga sýn og af hverju stafar hún?

Svörin við þessum tveim spurningum eru nátengd. Þegar sagan varð kennslugrein í almannaskólunum var henni ekki einungis markað viðfangsefni til að fjalla um – þjóðríkið og saga þess – heldur líka efnissvið: opinbera eða almennasviðið (e. *public sphere*), og það í býsna þröngum skilningi, þ.e. sögu um hin formlegu stjórnmal og stjórnsýslan. Þetta hefur verið meginefnið í þjóðarsögu kennslubókanna, með atriðum úr hagsögu til að styðja stjórnmalin og þáttum úr menningu og siðum svo sem skraut í kring. Þetta stjórnmalasvið er þéttsetið körlum og sviðið og karlarnir voru gerð að megininkennum þjóðernisstefunnar á Íslandi (svo sem annars staðar) þegar hún mótaðist á fyrstu áratugum 20. aldar samkvæmt Sigríði Matthíasdóttur sem greint hefur tímabilið:

Sú leið að byggja upp sjálfsmynd Íslendinga með því að tengja þjóðernisímynd og karlmennskuímynd og að stilla sönnu eðli þjóðarinnar upp sem karlmennskueðli birtist á fjölbreyttan hátt í íslenskri þjóðernishugmyndafræði. (Sigríður Matthíasdóttir, 2004.)

Þetta tímabil, og raunar alla tuttugustu öldina og öldina á undan, voru athafnir manna aðgreindar í opinbert svið og einkasvið (e. *private sphere*) og kynin þar með líka. Afrek kvenna voru einkum á einkasviðinu eftir þessari skiptingu og þau voru lítt til frásagnar í sögukennslu. Hið *sögulega* var skilgreint þröngt, segir hollenska fræðikonan Geertje Mak og vitnar jafnframt í dansk-norska sagnfræðinginn Idu Blom:

„... sá skilningur að sagan sé fyrst og fremst *saga þjóða*, saga ríkisstjórna, konunga og ráðamanna, opinbera sviðsins í stuttu máli, hefur hindrað rannsóknir á kyngervi, á einkasviðinu og á borgaralegu þjóðfélagi.“ [Ida Blom]. Þessi tengsl milli sögunnar, þjóðarinnar og opinbera sviðsins hafa reynt vera lífseigt samband og

„...the understanding of history as primarily the history of nations, of governments, of kings and statesmen, in short, of the public sphere, has been an obstacle to historical research on gender, on the private sphere and civil society.“ [Ida Blom]. This connection between history, the nation and the public sphere has turned out to be a very

ákvarða enn í miklum mæli hvað sett er á dagskrá í sögunni. *persistent relationship, still very much defining the historical agenda.* (Mak, 2007).

Þjóðarsagan í kennslubókunum heldur sig að mestu við opinbera sviðið og þar hefur hún nokkur áberandi einkenni hinnar karllægu orðræðu. Í fyrsta lagi eru persónur, sem nefndar eru til sögunnar, fyrst og fremst karlmenn. Athuganir á þessu ástandi gefur til kynna að nafngreiningar á konum séu á bilinu 4,5%-20% í námsefni fyrir miðstig grunnskóla á Íslandi (Kristín Linda Jónsdóttir, 2011, 13) og í svipuðu hlutfalli í nokkrum völdum sænskum sögukennslubókum fyrir framhaldsskóla (Ann-Sofie Ohlander, 2010). Seinna tilvikið sker sig raunar úr athugunum á námsefni í öðrum námsgreinum í sænskum skólum sem sýnir jafnara hlutfall kynjanna (Blumberg, 2007). Námsgreinin saga virðist því vera fjær því jafnræði sem keppt er að í öðrum námsgreinum.

Ástandið er nokkru skárra þegar kemur að myndefni í fyrrnefndum rannsóknum, einkum þegar taldar er með konur sem þar birtast nafnlausar. En ójafnræðið í kennslubókunum birtist ekki einungis í nöfnum og myndum heldur líka í frásagnarhætti og afstöðu höfunda. Stundum afhjúpast með því að karlmenn eru viðmiðið í frásögninni, íbúar lands eru karlmenn í frásagnarhættinum en sérstaklega er tekið fram ef um konur er að ræða. Ennfremur er yfirleitt ljóst hver meðvitund höfundanna er um þessa vídd í sögunni og slík vitund getur verið mikilvæg fyrir nemandann sem fær þau skilaboð að kynjahluturinn skipti máli.

Er þjóðarsagan þeim ósköpum búin að hún verði ekki heimt úr þessum fjötrum? Reynslan virðist segja það. Hin línulega, samfellda saga, ekki síst þjóðarsagan, hrekkur í far þar sem karlmenn eiga einkum leið en konurnar eru ósýnilegar eða huldar í fjarska. Þessi saga er oftast hefðbundin stjórnmalasaga og máttur hefðarinnar er þar sterkur. Vel er þó hægt að hugsa sér línulega, samfellda þjóðarsögu sem hefur kynjavíddina sem sjálf-sagðan hlut í umfjölluninni. En að framleiða slíkan grip virðist ekki heiglum hent.

Saga þjóðarsögunnar í skólum

Þjóðarsagan í rannsóknum og skólakennslu hefur átt sér þróun hér á landi sem er keimlík því sem tíðkast í grannlöndunum. Í kennslubókum fékk hún fast og áhrifamikið mót í byrjun tuttugustu aldar með tveim bókum, annars vegar eftir Jónas Jónsson frá Hríflu (1915) sem var ætluð barnaskólum og hins vegar bók Jóns Jónssonar Aðils (1915) fyrir framhaldsskóla. Þar var gullaldar- og hnignunarlíkanið slípað, með tímabilið fram að Gamla sáttmála sem gullöld en hnignun og danska kúgun aldirnar á eftir þar til birta tók af degi í nýrri endurreisn með Skúla Magnússyni, Fjölismönnum og Jóni Sigurðssyni. Þessar sögukennslubækur voru notaðar í hálföld og urðu fyrirmynd þeirra sem á eftir komu. Frásögnin er býsna karllæg og einsleit en þó er sagt frá allnokkrum konum úr Íslendingasögunum í sögu Jónasar enda fannst honum að þær bókmenntir ættu heima í sannsögu landsins.

Íslandssaga Hríflu-Jónasar var áhrifarík, vel skrifuð, mjög þjóðernisleg og andúðin í garð Dana var augljós. Í alþjóðlegu samhengi skar hún sig ekki úr þjóðernissögu annarra landa. Hins vegar fóru að heyrast varnaðarraddir gegn slíkri sögu fljótlega eftir fyrri heimsstyrjöld því hún var talin ala á fjandskap milli þjóða. Úr þessu varð nokkur hreyfing á milli-stríðsárunum og á vegum Norrænu félaganna var gert átak með því að norrænar sögukennslubækur voru rannsakaðar. Bók Jónasar fékk bágt hjá dönskum rannsækendum, að vísu án þess að hún eða höfundur hennar væru nafngreind. Talað var um „kennslubók sem prentuð var 1937“ og þar er greinilega átt við Íslandssögu Jónasar í þriðju útgáfu (Jónas Jónsson, 1935–1937). Eitt og annað var að athuga við einstök atriði en einnig almennt:

Beiskjan kemur fram, að mati Dananna, á einkar hatramman hátt bæði í atriðum sem varða mál eða menningu og eins efnahagsmál og stjórnsmál.

Bitterheten finner också, efter dansk uppfattning, synnerligen hetsiga uttryck i både språkligt-kulturella och ekonomiskt-politiska ting. (Carlgren, 1945.)

Danski sendiherrann á Íslandi á árunum 1949–1956, Bodil Begtrup gerði tilraun til að ná fram breytingu á þessu viðhorfi í samtölum og bréfaskiptum við íslenska og danska stjórnsmálamenn, kennara og sagnfræðinga (Svavar Jósefsson, 2004). Málið var rætt meðal skólafólks, t.d. á skólastjórnarmóti gagnfræðaskólanna þar sem samþykkt var ályktun um að nauðsynlegt væri að fá nýjar kennslubækur í sögu. Jónas varð móðgaður yfir gagnrýni á afstöðuna til Dana í kennslubókum sínum. Hann varði sig í eftirmála fyrir síðustu útgáfu af Íslandssögunni sem kom út árin 1966–1967 og í fyrsta sinn með teikningum og ljósmyndum.

Sumir erlendir kennarar töldu bókina of íslenska, allur andi frásagnarinnar væri eggjandi í skilnaðarátt. En þessu varð ekki breytt. Aldamótakynslóðin var bjartsýn. Kunni bæði að meta frelsi og óttast erlenda yfirdrottnun. Forfeður og formæður sögðu sína sögu. Fram undan var frelsi í fögru landi og auðugu. Þessi litla bók hafði orðið til vegna tilmæla skólabarna. Þau hafa sýnt henni tryggð á langri vegferð. Nú kemur bókinn skrúðbúin til sinna raunverulegu höfunda og verndara. Fram undan eru tímamót í uppeldi Íslendinga. Munu þá ekki íslensk skólabörn biðja valdamenn þjóðarinnar um leiðarljós sögunnar frá þúsund ára reynslu fólksins, sem byggt hefur landið? (Jónas Jónsson, 1967).²

Varnarræða Jónasar er snjöll. Hann malar upp andstæður og beitir því sem kallað hefur verið í eftirlenduorðræðu (e. *post-colonial discourse*) „otherness“ (sæ. *andrafiering*), þ.e. að skilgreina með beinum og óbeinum hætti hver „við“ erum, andstætt „hinum“ (Andersson, 2010). Í þessu tilviki býr hann til tvo andstæða hópa þar sem annar er „okkar“ hópur. Í honum eru fyrst og fremst skólabörn en einnig forfeður og formæður og aldamótakynslóðin. Þessi hópur býr í fögru og auðugu landi og ann frelsi en óttast erlenda yfirdrottnun. Í hinum hópnum eru „[s]umir erlendir kennarar“. Kennslubók Jónasar er samofin fyrri hópnum sem er í raun höfundur hennar og verndari. Á milli standa „valdamenn þjóðarinnar“ (sem Jónas taldist ekki lengur til þegar hér var komið sögu, árið 1966) sem Jónas eggjar, í nafni skólabarna, til að fylgja leiðarljósi sögunnar. Það ljós hafði Jónas kveikt árið 1909 og væri e.t.v. nær sanni að kalla það leiðarljós *Jónasar* um söguna.

Ætla mætti að öfgafull þjóðernishyggja og Danaandúð hefði verið tímaskekkja þegar leið á 20. öld, fullveldi var fengið, lýðveldi stofnað og handritin á heimleið. Þær raddir heyrðust vissulega en sá grunur læðist að rannsakandanum að einhver hljómgrunnur hljóti að hafa verið fyrir hendi úr því að kennslubókin varð svo lífseig og var m.a.s. skrydd í þennan háttíðarbúning árið 1967. Margir urðu til að kasta spreki á þjóðerniseldinn. *Íslandsklukka* Halldórs Laxness (1943–1946), áhrifamikið og glæsilegt skáldverk sem út kom á stríðsárunum, sýndi Ísland sem fórnarlamb erlendra aflu á 17. og 18. öld og auðvelt var að sjá vísanir til samtímans. Í tilefni lýðveldisstofnunar var t.d. haldin mikil sögusýning í Menntaskólanum í Reykjavík og af sýningarstránni er ljóst að þar er sögusýning Jónasar frá Hriflu í fullu gildi með gullaldar- og hnignunarkenninguna í öndvegi (*Frelsi og menning*, 1944).

Karlmenskusniðið á þjóðernisskrifunum kom sjaldan til umræðu. Ekki kemur t.d. fram hvort Bodil Begtrup tengdi Danaandúðina og öfgafulla þjóðernisstefnuna við kynjaójafnvægið í hinni drottnandi kennslubók Hriflu-Jónasar. Henni var þó annt um kvenfrelsið í samtímanum og kallaði endurminningar sínar *Kona í heimssamfélaginu* (*Kvinde i verdenssamfundet*) enda var hún sjálf virk í opinberu lífi, sem sendiherra og fulltrúi hjá

² Textinn er í eftirmála sem ber heitið *Bökk og kveðja til skólabarna landsins* og er dagsettur 18. ágúst 1966.

Sameinuðu þjóðunum. Hugsanlega var afstaða hennar til fortíðarinnar mótuð af því algenga sjónarmiði að um konur væru takmarkaðar heimildir og því ekki frá mörgu að segja. Þannig lýsti hún aðdáun sinni á fornsögum en tók jafnframt fram að enginn þeirra væri helguð konu.

Orðstír hennar berst okkur sem endurskin af því sem gerðist meðal karlmannna.

Hendes eftermæle kommer til os som en afglans af, hvad der hændte mændene (Begtrup, 1986).

Jónas frá Hriflu virtist gera sér grein fyrir því að sögusýn hans þyrfti að höfða til beggja kynja og kallaði því til vitnis í varnarræðu sinni bæði forfeður og formæður. Þannig má greina bæði hjá Jónasi og Bodil Begtrup vissa vitund um samhengi þjóðarsögu og hlutverks kynjanna þó að það hvíli í bakgrunni og birtist ekki með skýrum hætti.

„Fram undan eru tímamót í uppeldi Íslendinga,“ skrifaði Jónas Jónsson í eftirmála síðustu útgáfu bókar sinnar 1967–1968. Ekki er fulljóst hvað hann átti við en þetta voru orð að sönnu því um þetta leyti var að hefjast nývæðing skólakerfisins á Íslandi. Stóruaknum fjármunum var varið til rannsókna og námskrágerðar og allar námsgreinar voru endurskoðaðar frá grunni og hópar stofnaðir um námskrár- og námsgagnagerð. Svo fór um söguna og skyldar greinar sem sameinaðar voru undir heitinu samfélagsfræði líkt og gert hafði verið lengi í Bandaríkjunum og í Svíþjóð þó að hér væri ætlunin að ganga enn lengra í samþættingu greina. Forystu fyrir samfélagsfræðihópnum hafði Wolfgang Edelstein, vel menntaður heimsborgari með rætur á Íslandi og í Þýskalandi en innblástur var einkum sóttur til framsækinnna frumkvöðla í Bandaríkjunum (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008).

Sagan átti nú að vera í nánum tengslum við nútímann og skýra félagsgerðir samtímans. Þjóðarsagan var ekki yfirgefin en úr henni voru valdir þættir og tímabil. Kynjasjónarmið voru ekki ofarlega á blaði en skipulagið hafði alla burði til að sinna þeim. Um þessa merku starfsemi verður ekki fjallað meira hér en vísað til mikillar umfjöllunar sem til er um hana (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008, og rit sem þar eru nefnd).

Um samfélagsfræðitilraunina spruttu upp miklar deilur af ástæðum sem kunnar eru í mörgum löndum: vegna meints skorts á þéttri þjóðernisfrásögn með nafngreiningu tiltekinnar persóna. Samfélagsfræðin var loks blásin af og við tók óvissutími þar til skólakerfið eignaðist aftur samfellda Íslandssögu í þrem bindum, nú samda af sagnfræðingi, Gunnari Karlssyni, undir heitinu *Sjálfstæði Íslendinga* (Gunnar Karlsson 1985, 1985, 1988). Heitið gefur þegar til kynna að hér er um ótvíráða þjóðarsögu að ræða og í undirtitli er hún yfirlýst stjórnmalasaga. Þetta hefur í för með sér að karlmenn skreyta síður hennar í öllum aðalatriðum þó að vitund sé um hlutskipti kvenna og það sé tekið til umræðu. Þjóðernistónninn er einnig dempaður og alþýðan er í hásæti. Þjóðernisumgjörðin er þannig óbreytt þó að innviðirnir hafi tekið talsverðum breytingum ef að er gáð.

Árið 1999 sá ný aðalnámskrá dagsins ljós og var yfirgripsmikil og ofurnákvæm, náði til beggja skólastiga, grunn- og framhaldsskóla. Í sögunni kvað við nýjan tón sem minnti suma á samfélagsfræðina tuttugu árum fyrr. „Gagnsókn ósamfelldrar sögu,“ kallaði Gunnar Karlsson námskrána og bætti við: „Í framhaldsskólaskránni er komið langt til móts við það sjónarmið sem réð starfi samfélagsfræðihóps Wolfgangs Edelstein á sínum tíma.“ (Gunnar Karlsson, 2000.) Þó að félagsleg viðhorf væru sterk í námskránni var nálgunin þó önnur en á dögum samfélagsfræðinnar. Ein megináhersla var á að tengja Ísland við umheiminn. Samfelld og afmörkuð stjórnmalasaga Íslands var ekki keppikefli heldur fjölbreytt saga menningar, félagsgerða, fjölskyldna og stjórnála þar sem Ísland og umheimurinn væru í margs konar tengslum. Erfitt er að hugsa sér þessa nálgun öðru vísi en þematíska enda var það námsefni sem út kom í kjölfar aðalnámskrárinnar 1999 af því tagi. Kynjavíddin í sögunni var ekki tekin föstum tókum en þó opnaði hin félagslega og

menningarlega nálgun dyr að því að hún kæmi að sem eðlilegur þáttur. Í námskránni voru einnig yfirlýsingar af þessu tagi:

Einstaklingurinn, nemandinn, er alltaf nálægur og miðar sig og mátar við sögu mannkyns, þjóðar, byggðarlags eða fjölskyldu. Hann stendur ekki utan við söguna heldur andspænis henni sem túlkandi og þátttakandi. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar*, 1999.)

Erfitt er að hugsa sér annað en stúlkur – helmingur nemenda – eigi að geta fundið samsvörun í sögunámsefni ef þessu orðum er framfylgt. Þetta gerðist þó aðeins í litlum mæli. Þó vekur athygli að nokkrar námsbækur og önnur gögn fjalla um einstaklinga og þeir eru allir karlmenn: Leifur Eiríksson, Snorri Sturluson, Jón Sigurðsson. Að vísu eru þessi námsgögn síður mörkuð hinni karllægu orðræðu en ýmis önnur eins og fram kom í athugun Jafnréttisstofu sem síðar verður getið.

Árið 2009, tíu árum eftir birtingu aðalnámskrárinnar sem boðaði „gagnsókn ósamfelldrar sögu“, kom út fyrsta hefti samfelldrar, línulegrar og afmarkaðrar þjóðarsögu Íslands sem á að spanna „alla“ Íslandssöguna undir heitinu *Sögueyjan* (Leifur Reynisson, 2009). Þetta var sagt vera gert til að mæta óskum ýmissa kennara sem höfðu spurt: Hvenær kemur Íslandssagan? Kennarahópurinn – rétt eins og þjóðin í heild – er að sjálfsgöðu ekki samtæður hópur með sömu viðhorf. Þegar samfélagsfræði Wolfgangs Edelstein var opinber stefna var Íslandssaga Jónasar frá Hriflu víða notuð í stað samfélagsfræðiefnisins eða samhliða því. Svipað gerðist 20–30 árum síðar þó að margt væri komið af nýjum kennslugögnum í anda námskrárinnar 1999. Víða var hin samfellda Íslandssaga, *Sjálfstæði Íslendinga*, notuð áfram, í ljósriti, ef ekki vildi betur, eftir að hætt var að endurprenta hana. Af úthlutunartölum frá Námsgagnastofnun má ætla að drjúgur hópur kennara hafi tekið „samfelldu sögunni“ tveim höndum. Í augum margra er það traustvekjandi að hafa í höndunum rit sem nær yfir alla söguna, tæmir hana í vissum skilningi og tekur á henni á einn hátt. Hin leiðin – að nálgast söguna á margvíslegan hátt og stundum andstæðan – getur valdið óöryggi (Námsgagnastofnun, 2011).

Í miðjum fögnuðinum yfir samfelldu sögunni, sem sneri aftur, fóru að heyrast gagnrýnisráddir. Nú var ekki fundið að samfellunni og ekki að afmörkuðu þjóðarsögunni heldur að atriði sem áður hafði ekki valdið háværum deilum:

Sögupersónur eru mjög fáar og frásögnin að langmestu leyti í ópersónulegum alhæfingarstíl. Ef gengið er út frá atriðisorðaskrá eru aðeins 40 einstaklingar nefndir á nafn fyrir þau 650 ár sem bókin tekur til, þar af nokkrir erlendir (konungar, landkönnuðir). Engin kona er á meðal þessara 40 en við flettingu finnst ein mynd af Guðrúnu Ósvífursdóttur og innskotstexti eftir skáldkonuna Ólínu Andrésdóttur (bls. 87) sem fædd var árið 1858. Þetta er ótrúleg niðurstaða og alls ekki boðleg nú á tímum. (Bragi Guðmundsson, 2010, 5–6.)

Í framhaldi af þessari gagnrýni lét Jafnréttisstofa, sem sinnir fræðslu og rannsóknum um jafnrétti kynjanna, gera rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla (Kristín Linda Jónsdóttir, 2011). Niðurstaða rannsóknarskýrslunnar var sú að hlutföllin væru alls ófullnægjandi og skar hin nýja *Sögueyja* sig þó verulega úr þar sem konur eru nær ósýnilegar í texta. Skýrslan olli talsverðu umróti, haldnir voru fundir og fyrirlestrar, fjallað var um efni hennar í dagblöðum, ljósvakamiðlum og á blogg. Höfundur *Sögueyjunnar* og forstjóri Námsgagnastofnunar snerust til varnar og skýringa en menntamálaráðherra óskaði úrbóta (*Ráðherra krefst þess*, 2011).

Sagnfræðingar tóku við sér við þessi tíðindi og mikil umræða varð á póstlista þeirra sem ber heitið *Gammabrekka* (Sagnfræðingafélag Íslands, 2011). Nokkurrar tortryggni gætti

þar hjá sum-um, fundið var að aðferðafræði skýrslunnar þar sem mikið væri lagt upp úr talningu á nafngreindum persónum. „Merkir“ einstaklingar væru ekki slíkt úrslitafl í sögunni að fjöldi, kyn og atgervi þeirra skipti öllu máli, að álíta slíkt væri íhaldsöm sagnfræði. Á móti komu þau rök að í kennslubókunum væru persónur nefndar til sögunnar og þar af leiðandi skipti máli *hverjar* þær væru. Nemandi sem sæi varla nema karlmenn á öllum síðum bókana drægi sínar ályktanir og stúlkurnar ættu erfitt með að spegla sig í efninu.

Þessari myndhverfingu, speglun sjálfsins í textanum, var varpað fram og aftur í umræðunni. Hefði krafan um speglun eitthvað með sagnfræði að gera? Væri forsvaranlegt að beita sagnfræði og sögukennslu til að bæta nemendur?

Það er auðvitað mikilvæg pólítísk og siðferðileg spurning hvað af þeim gildum sem eru ríkjandi í samfélagi okkar við eigum að innræta börnum og hvernig við eigum að gera það. Ég er einfaldlega hræddur um að notkun sögunnar til þess sé óheppileg fyrir fræðigreinina okkar – amk ef við lítum svo á að markmið sagnfræðinnar sé að efla þekkingu og skilning á þróun mannlegra samfélaga (en ekki að búa til betri manneskjur). (Axel Kristinsson, vefpóstur, 11. október 2011.)

Aðrir drógu þetta hlutverk ekki efa og höfðu áhyggjur af skökku kynjahlutfalli í kennslubókunum og ekki einungis nafngreiningum:

Og þá á ég ekki bara við hvað nafngreinda einstaklinga varðar heldur einnig almenna umfjöllun, áherslu, sjónarhorn. Lausnin felst ekki endilega í því að fjölga nafngreindum konum, svona til skrauts, heldur að leitast við að beita öðru sjónarhorni, eins og mér sýnist reyndar margir sem hér hafa tjáð sig vera talsmenn fyrir. (Erla Hulda Halldórsdóttir, vefpóstur, 7. október 2011.)

Að minnsta kosti tvö í sagnfræðingahópnum lýstu því hvernig þau hefðu hjálpað sínum eigin börnum með því að „réttu“ kynjahallann af sem skólakennslan skildi eftir og framhaldsskólakennarar, sem tóku þátt í umræðunni, kváðust bæta upp það sem á hallaði í kennslubókunum. Þá var bent á þær aðstæður að margir nemendur byggju ekki svo vel að hafa „leiðréttara“ nálægt sér og yrðu að treysta kennslubókinni.

Barátta fyrir kynjajafnrétti í kennslubókunum

Umræða sagnfræðinganna haustið 2011 var ekki sú fyrsta um þessi efni á Íslandi. Í lok sjöunda áratugar tuttugustu aldar varð til félagsskapur nokkurra menntakvenna á höfuðborgarsvæðinu sem kölluðu sig Úr eftir persónu í skáldsögunni *Kristnihaldi undir jökli*. Þær tóku sér fyrir hendur að skoða skólabækur með kynjagleraugum og fundu að verulega hallaði á konur (*Úr – ungar konur í Kvenréttindafélagi Íslands*). Í þessu verki voru konur ekki einsamla eða fyrstar í veröldinni. Á þessum róttæknitímum var víða um lönd vakin athygli á því hugmyndalega forræði sem birtist í kennslubókum fyrir barnaskóla. Í Bandaríkjunum hófst þessi starfsemi um svipað leyti og á Íslandi en hún var síðan samfelld og viðvarandi og hafði veigamikil áhrif á framsetningu kennslubókatekta, ekki síst í námsgreininni sögu (Blumberg, 2007).

Í baráttunni fyrir jafnari sýn og virðingu kynjanna í námsgögnum – og í tilviki okkar: í sögunámsefni – má greina nokkra veigamikla áhrifa- og verkþætti sem hér verða taldir, einkum með dæmum frá Bandaríkjunum og Íslandi.

Í fyrsta lagi þarf að finna vandann og greina hann. Slík greining hófst í allmörgum löndum um og eftir 1970, á vegum kvenna- og áhugahópa á borð við Úrnar á Íslandi. Innan kvenréttindahreyfinga í Bandaríkjunum vaknaði áhugi á þessum málum og er sérstaklega nefnd til sögunnar Marjorie B. U'Ren sem birti greinina *The Image of Women in Text-*

books árið 1971 (Rosemberg, Moura og Silva, 2009). Þar kannaði hún 30 nýjar lestrarbækur sem fengið höfðu samþykki skólayfirvalda í Kaliforníu. Síðan hefur ekkert lát orðið á slíkum könnunum í Bandaríkjunum og fjölmörgum öðrum löndum (þó að þessar athuganir, að magni til, skáki ekki rannsóknum á þjóðernismyndum sem stundaðar hafa verið í áratugi). Á Íslandi hafa jafnvíðamiklar og samfelldar rannsóknir ekki verið gerðar en þó hefur málinu verið haldið vakandi og skal þar nefnd greining Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (1992) á þrem kennslubókum í sögu fyrir framhaldsskóla, ritgerð Þorgerðar Þorvaldsdóttur (1996) um fjölda kennslubóka í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla á tuttugustu öld og fyrirlestur Gunnars Karlssonar sem birtist í vefritinu *Kistunni* (2006) um vanda þess að „skrifa konur inn í þjóðarsögu“. Síðan kom skýrsla Jafnréttisstofu síðsumars 2011 og vakti meiri athygli á þessu máli en gerst hefur áður. Nú er því lag að breyta.

Námshöfundar þurfa nýja sýn og rannsóknir til að byggja skrif sín á. Ingibjörg Ásgeirsdóttir (2011) skýrði kynjahallann í námsbókunum, sem Jafnréttisstofa tók til athugunar, m.a. með þeirri röksemd að höfundarnir gætu ekki unnið þessa grunnvinnu:

Hlutverk námsefnishöfunda er alltaf að taka þá þekkingu sem fyrir er í öðrum bókum og heimildum og setja fram á aðgengilegan hátt fyrir börn í skóla. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þeir stundi grunnrannsóknir eða endurskrifi söguna. (Ingibjörg Ásgeirsdóttir, 2011.)

Rannsóknum á sögunni frá nýju kynjasjónarmiði hefur fjölgað svo að námshöfundar hafa meira til að byggja á en áður var. Einkum á þetta við um seinni tíma sögu. Nú er t.d. hægt að fjalla um samskipti hermanna og landsmanna í seinni heimsstyrjöld á allt annan hátt en gert var til skamms tíma vegna rannsókna nokkurra fræðimanna, ekki síst kvenna (Inga Dóra Björnsdóttir, 1995, Bára Baldursdóttir, 2001). Um fyrri tíma gegnir öðru máli en þó örlar á endurskoðun á ýmsum þáttum og meira er í vændum. Í þessu efni má læra af erlendum fyrirmyndum og tengja Ísland og umheiminn.

Vitund og vilji til umbóta þarf að vera fyrir hendi í fræða- og skólasamfélaginu. Umræðan á póstlista Sagnfræðingafélagsins ber þess vott að viljinn er fyrir hendi og að vitund er í mótun. Í Bandaríkjunum hefur meira áunnist þar sem menntasamfélagið er gegnsýrt af „framsæknismenntakenningum“ (e. *progressive education doctrines*) og stofnanavætt, ekki síst í kennaramenntuninni og hjá bókaútgefendum, segja þrjú bandarískar rannsakendur sem harma þessa þróun (Lerner, Nagai og Rothman, 1995). Veigamiklir þættir í þessari „framsækni“ er viðleitni til að rétta hlut blökkumanna og kvenna í námshöfundum sem haldið er að börnum og ungmönnum. Femínísk samtök hafa þrýst á um aukinn hlut kvenna á þessum vettvangi frá því skömmu eftir 1970, segja rannsakendurnir.

Mælikvarða og tæki þarf að hafa til að meta kynjavíddina í námsefninu. Algeng aðferð við þetta er að koma tölu á hlutföll kynjanna, telja nafngreindar konur og karla, mæla textamagn um hvort kynið fyrir sig, myndafjölda o.s.frv. Þessi gátlistaaðferð er fullgild en takmörkuð. Því hafa margir reynt að bæta öðrum leiðum við þessa aðferð og beitt t.d. orðræðugreiningu eftir ákveðnum mælikvörðum. Í Svíþjóð hefur uppeldisfræðingurinn Moira von Wright (1996) haft þrjú megin sjónarmið við athugun á námshöfundum:

- a) *Næmi fyrir kyngervi* (sæ. *genuskänslighet*) felst í því að gera sér grein fyrir hvenær kyngervið skiptir máli, hvenær þarf að veita því athygli og hvenær það er ekki í brennidepli. Jafnmikilvægt og það er að draga kynjavíddina fram getur verið eins brýnt að láta hana ekki yfirskyggja ójöfnuð á grundvelli þjóðernis, kynþáttar eða þjóðfélagsstöðu þegar það á við.
- b) *Vitund um kyngervi* (sæ. *genusmedvetenhet*) notar Moira von Wright um þau svið og augnablik þegar tilefni er til að greina kyngervið í þaula.

- c) *Sambætting við kyngervi (sæ. genusinkludering)* felst í því að taka tillit til beggja kynja og að loka ekki á fjölbreytt sjónarhorn.

Regluverki sem tryggir jafnari hlutdeild kynjanna í námsgögnunum hefur sums staðar verið beitt. Þetta er umfangsmikið kerfi í Bandaríkjunum og nær allt frá alþjóðasamningum og alríkislögum til gátlista bókaútgefenda. Þessi leið er að sjálfsgöðu umdeild og opnar möguleika á sýndarmennsku og yfirborðsaðlögun að reglum. Aðferðin hefur hins vegar reynst áhrifarík og getur haft djúpstæð áhrif þegar aðrir þættir (sem að ofan greinir) eru einnig fyrir hendi. Á Íslandi er til löggjöf um jafnan rétt kynjanna, síðast frá 2008 og þar segir í 23. grein: „Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.“ (*Lög um jafna stöðu*, 2011). Í nýrri aðalnámskrá segir um þetta: „Námsgögnin skulu höfða jafnt til beggja kynja ...“ (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2011.) Námsgagnastofnun gengur eilítið lengra með því að setja í gátlista sinn handa höfundum eftirfarandi ákvæði:

Forðast ber að mismuna kynjum eða fjalla með einhliða hætti um hlutverk kynjanna. Leitast skal við eftir megni að á móta fjöldi dæma sé tekinn af hvoru kyni, áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði og að drengir og stúlkur séu ekki eingöngu sýnd í svokölluðum hefðbundnum hlutverkum. (Námsgagnastofnun, 2003.)

Hér má ætla að miðað sé við að viðfangsefnið sé í nútímanum, t.d. lestrarbók fyrir byrjendur eða stærðfræðibók. Þó að andi ákvæðisins sé ljós veitir það ekki beina leiðsögn um hvernig fjalla skuli um liðna tíð þar sem hlutverk kynjanna voru önnur en árið 2003. Skýrsluhöfundur Jafnréttisstofu gengur enn lengra, leggur til vinnuramma eða gátlista og varpar fram „til umræðu tíu punktum sem gætu hugsanlega átt heima í slíkum vinnuramma eða gátlista sem væri verkfæri þeirra sem starfa við námsefnisgerð í sögu“ (Kristín Linda Jónsdóttir, 2011). Á þessum lista er lagt til að nafngreiningum kvenna sé fjölgað en karla fækkað, eftirlit (vöktun) sé viðhaft svo að ekki sé gengið fram hjá „þekktum konum“, að konur fái meiri virðingu og áherslu í umfjöllun, að „á áherslusvæðum eins og í nafni bókar, kaflaheitum og efnisyfirliti“ skuli móta „viðmið um lágmarks hlutdeild kyns“. Þetta geta verið hollar áminningar en hætt er við að nálgunin verði yfirborðsleg og vélræn ef hugur fylgir ekki máli.

Úrbætur

Kynjajafnréttinu í frásögnum sögukennslubókanna virðist ábótavant og lítið miðar áfram. Þó skal ekki vanmetið það sem áorkað hefur verið. Í yfirliti sem félags- og kynjafraeðingurinn Rae Lesser Blumberg (2007) gerði fyrir Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, er niðurstaðan að jafnaði sú að vissar breytingar hafi orðið, konum hafi hlutfallslega fjölgað í kennslubókunum, að þær fái heildstæðari og virðingarmeiri umsögn, að vitund sé meiri um málefnið. Að vísu er breytingin hægfara og má helst líkja við hraða skriðjökulsins, „a near-glacial pace of change,“ segir Blumberg.

Í lokin skal hér brugðið á tilviksathugun og skoðuð umfjöllun um atburð sem jafnan er höfð með þegar rakin er saga fyrri alda í íslenskum sögukennslubókum: Tyrkjaránið. Í yfirliti yfir þjóðarsöguna, þar sem stjórn málin eru leiðarhnoða, er ránið tekið með. Þegar valdir eru afmarkaðir þættir eða þemu getur það orðið í aðalhlutverki eða fallið alveg brott. Hægt er að rekja sögu Tyrkjaránsins án þess að nafngreina persónur og það gerði Jónas frá Hriflu í kennslubók sinni þó að hann aðhylltist persónusögu. Hins vegar nefndi hann menn til sögunnar – höfuðsmann, kaupmann („með hyski sínu“), konung – án þess að nefna nöfn þeirra. Engrar konu er getið í kaflanum um ránið. Sagt er frá Guðríði Símonardóttur í næsta kafla vegna þess að hann fjallar um Hallgrím Pétursson. Þar er hún í hlutverki „tengils“ eins og Þorgerður Þorvaldsdóttir (1996) nefnir hlutverk slíkra kvenna í kennslubókunum. Í sögukennslubókunum sem komu á undan riti Jónasar er Guðríður ekki nefnd

en hún verður tíðari gestur þegar fram líða stundir. Í heimagerðu námsefni, sem kennarar í Vestmannaeyjum útbjuggu undir aldarlok og einnig síðar, fékk hún mikið rými og var þar komin í félagsskap við aðra konu frá Vestmannaeyjum, Önnu Jasparsdóttur (Birgir Þór Baldvinsson, 1983; Drifa Þöll Arnardóttir, Elísa Kristmannsdóttir og Sæfínna Ásbjörnsdóttir, 2002). Konurnar tvær fengu síðan „áherslusvæði“ í kennslubók frá Námsgagnastofnun árið 2004, *Einni grjóthrógu í hafinu* (Þorsteinn Helgason, 2004). Konurnar hafa því smám saman komist í burðarhlutverk við hlið nokkurra karlmannna svo sem Holgeirs Rosenkrans höfuðsmanns og Ólafs Egilssonar prests og reisubókarritara.

Kennslubókin *Ein grjóthróga í hafinu* er að miklu leyti þematískt uppbyggð þó að tímaröðin ráði síðan miklu innan þemanna. Tyrkjaránsins er getið á tveim stöðum, annars vegar í kafla um varnarsögu Íslands, hins vegar fá Guðríður og Anna sjálfstæðan kafla í bókinni undir heitinu *Grannkonur skiljast að*. Þar er sagt frá ólíkum örlögum þessara grannkvenna þar sem Guðríður safnaði fé fyrir lausn sinni úr herleiðingu í Algeirsborg og var síðan keypt með viðbót af söfnunarfé. Anna varð hins vegar eftir, giftist „eiganda“ sínum, trúskiptingi frá Spáni en hann keypti einnig föður hennar lausan og hann komst aftur til Vestmannaeyja. Konurnar tvær eru kynntar sem gerendur í tilveru sinni þrátt fyrir harkalegar aðstæður, þær eru í aðalhlutverki í samskiptum sínum við aðra en ekki einungis „tenglar“ (Þorsteinn Helgason, 2004). Þá vaknar spurningin: Eru Anna Jasparsdóttir og Guðríður Símonardóttir „minni háttar persónur“ (e. *minor characters*) eins og bandarísku rannsakenndurnir áður nefndu, Lerner, Nagai og Rothman (1995), kvörtuðu yfir að ekki væri þverfótað fyrir í sögukennslubókum í heimalandi þeirra? Með gildum rökum er hægt að flokka þær á þann veg. Ákvarðanir þeirra höfðu ekki sannanleg áhrif á gang heimssögunnar. Þær eiga hins vegar annað og fjölþætt erindi inn í sögukennslubækur. Þær gefa sjaldgæfa innsýn í gangvirki alþjóðamála, trúarsamskipta og fjölskyldutengsla og eru umhugsunarefni um frelsi, þvingun og valkosti einstaklinga, eru sömuleiðis tilefni til að rýna í takmarkaða vitneskju okkar um fortíðina. Engin ástæða er til að láta þær ryðja karlmönnum burtu, svo sem Holgeiri og Ólafi sem skapa mikilvægar tengingar.

Tilheyra Anna og Guðríður línulegri, samfelldri og afmarkaðri þjóðarsögu? Slík þjóðarsaga þarf ekki á þeim að halda og fyrir nokkrum áratugum hefði verið harla erfitt að segja sögu þeirra, einkum Önnu Jasparsdóttur. Hún hefði varla verið talin þess verð heldur þar sem hún hafði afneitað trú sinni og föðurlandi, átti aukinheldur danskan föður. Mikilvægar heimildir um hana voru því ekki grafnar upp fyrr en langt var liðið á tuttugustu öld (Guðrún Ása Grímsdóttir, 1995). Auk þessa má rökstyðja að saga hennar heyri einkasviðinu til en ekki hinu opinbera sem hefur verið aðgöngumiði að þjóðarsögunni. Einkasvið hennar – fjölskyldulíf, ástir, heimþrá – eiga hins vegar ekki sjálfstæða tilveru sem er óháð opinbera sviðinu. Ástir hennar urðu að reglum trúar og samfélags, annars var henni úthýst úr því samfélagi. Einkasviðið verður þannig opinbert (Dana Tabrea, 2010; Erla Hulda Halldórsdóttir, 2011). Nú er hægt að þjóða Önnu – og Guðríði – velkomnar í þjóðarsögunna, þjóðarsögu sem er flóknari, alþjóðlegri og þverstæðukenndari en lýst var á blómaskeiði þjóðernishyggjunnar. En þær tilheyra ekki einungis þjóðarsögunni heldur einnig sögu Vestmannaeyja, Danmerkur, Evrópu og Miðjarðarhafsins.

Lokaorð

Er þjóðarsagan karlkyns? Því er ekki að neita að lengstum var hún það og einmana að auki, í litlum tengslum við umhverfi sitt. Hún er þó að hressast og komast í félagsskap þó að hún hristi stundum alla af sér og taki upp fyrri hætti. Sjálft form hennar og tilgangur er sem forskrift að einkynja einmanaleika eins og dugmesti sögukennslubókahöfundur landsins viðurkenndi í líflegum umræðum sagnfræðinga:

Það er mikið rétt sem Þorsteinn segir að við sem höfum leitast við að skrifa línulega samfellda þjóðarsögu eigum miklu erfiðari leik að auka hlut kvenna

verulega en þeir sem skrifa þematíska sögu. (Ég ætla ekkert að ræða hvor gerðin sé betri, það er óviðkomandi.) (Gunnar Karlsson vefpóstur, 7. október 2011.)

Þessi höfundur og margir aðrir hafa allan vilja til að sjá fortíðina í nýju ljósi án þess að falska hana vitandi vits. Til þess kann að vera nauðsynlegt að leita fjölbreyttari leiða og rjúfa einangrunina, segja heimssögu með viðkomu á Íslandi og einstökum stöðum landsins, leyfa nemendum að tengja nákomna sögu fjölskyldu og umhverfis við land og heim; þræða þemu á borð við fólksflutninga, matvæli og stjórnsýslueiningar; kanna áhrifaöfl og mynstur. Með þessu móti verður sjálfsgagt að fjalla um konur og karla, ungt fólk og gamalt.

Heimildir

Andersson, Nils (2010). Intercultural Education and the Representation of the Other in History Textbooks. Í Þorsteinn Helgason og Simone Lässig (ritstjórar), *Opening the mind or drawing boundaries: History texts in Nordic schools* (bls. 33–59). Göttingen: V&R unipress.

Bára Baldursdóttir. (2001). „Þær myndu fagnar skifta um þjóðerni.“ Í Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hallgerður Gísladóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (ritstjórar), *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi* (bls. 301–317). Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

[Birgir Þór Baldvinsson]. (1983). [Saga Vestmannaeyja]. „Tínt saman, stolið, stælt og kennt hefur Birgir Þór Baldvinsson.“ [Vestmannaeyjum].

Blumberg, R.L. (2007). *Gender bias in textbooks: A hidden obstacle on the road to gender equality in education*. United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.

Bragi Guðmundsson. (2010). Nýjar Íslandssögur fyrir miðstig grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. [Reykjavík]: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 12. október 2011 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/004.pdf>

Carlgren, Wilhelm. (1945). *Nordens historia i nordiska skolor*. Stockholm: Föreningen Norden.

Drífa Þöll Arnardóttir, Elísa Kristmannsdóttir og Sæfinna Ásbjörnsdóttir. (2002). *Saga Vestmannaeyja: Námsfni fyrir 8. bekk*. Tilraunaefni ([Vestmannaeyjum]).

Frelsi og menning: Sýning úr frelslis- og menningarbaráttu Íslendinga í Menntaskólanum í Reykjavík í júní 1944. (1944). Reykjavík.

Námshagnastofnun. (2003). *Gátlisti*. [Reykjavík]: Höfundur.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (1992). Menntun og kynferði í kvennafræðilegu ljósi: markmið, námskrár og greining námsfnis. *Uppeldi og menntun* 1(1).

Guðrún Ása Grímsdóttir. (1995). Úr Tyrkjaveldi og bréfabókum. *Gripla*, 9, 7–44.

Gunnar Karlsson. (1985). *Sjálfstæði Íslendinga: Íslensk stjórnsmálasaga þjóðveldisaldar skrifuð handa börnum*. (1. bindi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar Karlsson. (1985). *Sjálfstæði Íslendinga: Íslensk stjórnsmálasaga frá 13. öld til 18. aldar skrifuð handa börnum*. (2. bindi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar Karlsson. (1988). *Sjálfstæði Íslendinga: Íslensk stjórnmálasaga 19. og 20. aldar skrifuð handa ungu fólki*. (3. bindi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar Karlsson. (2000, 11. febrúar). Edelstein snýr aftur. *DV*, bls. 14.

Gunnar Karlsson. (2006). Að skrifa konur inn í þjóðarsögu. *Kístan*. Sótt 12. október 2011 af http://www.kistan.is/Default.asp?Sid_Id=28001&tre_rod=004&tld=2&FRE_ID=39778&Meira=1

Halldór Laxness. (1943–1946). *Íslandsklukkan*. Reykjavík: Helgafell.

Inga Dóra Björnsdóttir. (1995). Island: Uheldige kvinner i et heldigt land. Í Dag Ellingsen, Inga Dóra Björnsdóttir og Annette Warring (ritstjórar), *Kvinner, krig og kjærlighed*. Oslo: Cappelen.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir. (2011, 27. september). Jafnrétti í námsefni. *Fréttablaðið*, bls. 14.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008). Átök um menntaumbætur. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* (2. bindi, bls. 138–153). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón J. Aðils. (1915). *Íslandssaga 1*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigf. Eymundssonar.

Jónas Jónsson [frá Hríflu]. (1915). *Íslandssaga handa börnum*. Reykjavík.

Jónas Jónsson [frá Hríflu]. (1935–1937). *Íslandssaga 1–3: Kennslubók handa börnum*. Reykjavík.

Jónas Jónsson [frá Hríflu]. (1967–1968). *Íslandssaga 1–3*. Teikningar eftir Halldór Pétursson. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Kristín Linda Jónsdóttir. (2011, ágúst). *Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla*. Akureyri: Jafnréttisstofa.

Leifur Reynisson. (2011, 21. september). Saga samfélags en ekki einstaklinga. *Fréttablaðið* (21.09.2011), bls. 14.

Leifur Reynisson. (2009). *Sögueyjan 1*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.

Lerner, R.; Nagai, A.K. og Rothman, S. (1995). *Molding the Good Citizen. The Politics of High School History Texts*. Westport, Connecticut: Praeger.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 með áorðnum breytingum nr. 162/2010 og 126/2011.

Mak, G. (2007). Gender in and beyond the Canon, or how to make Women (In)visible in History. Í Siep Stuurman og Maria Grever (ritstjórar), *Beyond the Canon. History for the Twenty-First Century*. New York: Palgrave Macmillan.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Námsgagnastofnun (2011). Samtöl við nokkra starfsmenn (munnleg heimild).

Ohlander, Ann-Sofie (2010). *Kvinnor, män och jämställdhet i läromedel i samhällskunskap. En granskning på uppdrag av Delegationen för jämställdhet i skola*. Stockholm: Statens offentliga utredningar 2010:33.

Ráðherra krefst þess að kynjum sé ekki mismunað í námsbókum. (2011, 7. október). *Visir.is*. Sótt 14. október af <http://www.visir.is/radherra-krefst-thess-ad-kynjum-se-ekki-mismunad-i-namsbokum/article/2011111009222>

Rosemberg, F.; Moura, C. de og Silva, P.V.B. (2009, maí/ágúst). Fighting sexism in textbooks: agenda construction and its critics. *Cadernos de Pesquisa*, 39(137). Sótt 12. október 2011 af <http://dx.doi.org/10.1590/S0100-15742009000200009>

Sagnfræðingafélag Íslands. (2011). *Gammabrekka*. Sótt 11. október 2011 af <http://www.sagnfraedingafelag.net/gammabrekka/>

Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Svavar Jósefsson. (2004). Bodil Begtrup. Barátta danska sendiherrans fyrir breytingum á söguskoðun Íslendinga. *Saga: Tímarit Sögufélags*, 42(1), 17–58.

Úur – ungar konur í Kvenréttindafélagi Íslands. (e.d.). Kvennasögusafn Íslands. Sótt 11. október 2011 af <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=uur>

Wright, M. von. (1999). *Genus och text. När kan man tala om jämställdhet i fysikläromedel?* Stockholm: Skolverket.

Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir (1996). Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður? Athugun á hlut kvenna í kennslubókum í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla. *Saga* 34, 273–305.

Þorsteinn Helgason. (2004). *Ein grjóthrúga í hafinu. Kennslubók í sögu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.



Þorsteinn Helgason. (2011). Er þjóðarsagan karlkyns? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/031.pdf>